

Föstudaginn 22. janúar 1982.

Nr. 12/1980. **Bjarni Gunnar Björnsson**
 (Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)
 gegn
Útgerðarfélagi Ólafsfjarðar h/f
 (Ragnar Steinbergsson hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. janúar s. á. Dómkröfur hans eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 79.403.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 9. september 1976 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum til 3. mars 1980 og eftir það með dómvöxtum til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms, en til vara þess, að „áfrýjanda verði dæmdar hæfilegar bætur að mati Hæstaréttar“. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal útreikningar Guðjóns Hansen tryggingafræðings 21. desember 1981 á örorkutjóni áfrýjanda.

Mál þetta var höfðað til að fá dóm um bætur vegna fjártjóns og miska af völdum slyss um borð í b/v Ólafi bekk 9. september 1976, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi.

Af hálfu stefnda er viðurkennt, að félagið beri bótaábyrgð á tjóni áfrýjanda.

Ekki er fram komið, að stefndi hafi, er slysið varð, hagað sér með þeim hætti, að á hann verði lagður hluti sakar.

Tryggingayfirlæknir skoðaði áfrýjanda 29. nóvember 1978 og mat síðan örorku hans, eins og fram kemur í héraðsdómi. Þessu mati hefur eigi verið hnekkkt.

Í hinum áfrýjaða dómi er þess getið, að fram hafi verið lagðir útreikningar tryggingafræðings á örorkutjóni áfrýjanda. Er þar fyrst um að ræða útreikninga Guðjóns Hansen 5. janúar 1979. Þar segir:

„Bjarni er sagður fæddur 4. júlí 1949 og hefur samkvæmt því verið 27 ára gamall, er hann varð fyrir ofangreindu slysi. Samkvæmt staðfestum ljósritum af skattframtölum hans fyrir starfsárin 1974—1976 voru launatekjur hans þau ár sem hér segir:

Árið 1974	kr.	630.800,-
— 1975	—	1.118.986,-
— 1976	—	1.179.311,-

Í ofangreindum tekjum ársins 1975 eru innifalin laun greidd í hlunnindum (fæði) kr. 1.757,-. Hins vegar er hliðstæð fjárhæð, kr. 23.600,- á árinu 1976 ekki talin með, enda hefur henni verið sleppt við samlagningu tekjudálks framtalsins. Ekki eru heldur taldar með hreinar tekjur af atvinnurekstri, kr. 62.500,- árið 1974 og kr. 1.863,- árið 1975. Árið 1974 er rekstrartap jafnframt fært sem frádráttarliður á framtali, og verður ekki með vissu séð, hvernig skattayfirvöld hafa litið á hinar hreinu tekjur.

Launatekjur Bjarna árin 1974 og 1975 eru að miklum meirihluta af sjómennsku á fiskiskipum, en 1976 hefur hann starfað meira í landi. Vinnuvikur á sjó eru taldar 50 árið 1974, 35 árið 1975 og 10 árið 1976. Til grundvallar áætlun tekna fram í tímann hef ég lagt framangreindar launatekjur árin 1974 og 1975, þ. e. tvö ár fyrir slys. Þótt ég sé vanur að miða umreikning tekna af því tagi, sem hér um ræðir, við breytingar á fiskverði sjómanna, hef ég í máli þessu umreiknað tekjur með tilliti til breytinga á kaupþóxtum verkamanna. Tel ég tekjur Bjarna, einkum árið 1974, svo lágar miðað við fjölda vinnuvikna, að í raun hafi tekju-fjárhæðir ráðist af kauptryggingarfjárhæðum ekki síður en fiskverði, og auk þess hafa tekjurnar að hluta verið af störf-

um í landi. Umreiknaðar á þennan hátt reiknast mér meðal-launatekjur 1974 og 1975 verða sem hér segir:

Árið 1976, frá slysdegi kr. 1.362.682,-	
— 1977	— 1.754.650,-
— 1978	— 2.730.992,-
Eftir þann tíma	— 3.255.507,-

Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra launatekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 7 mánuði . . . kr. 642.574,-
 Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma . . — 2.239.477,-

Samtals kr. 2.882.051,-

Til samanburðar skal þess getið, að með umreikningi tekna með tilliti til breytinga á fiskverði reiknast mér heildarverðmæti tapaðra launatekna nema kr. 2.736.294,-, þ. e. um 5,1% lægri fjárhæð en að ofan greinir. Vegna óvissu, sem kann að vera um vinnuframlag Bjarna til áðurnefnds atvinnurekstrar (útgerðar), svo og vegna þess, að sennilegt virðist, að hann hefði á árinu 1976 náð meðalvinnutekjum verkamanna (miðað við úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar), hef ég enn fremur reiknað verðmæti tapaðra tekna miðað við meðalvinnutekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík, sem ég legg að jafnaði til grundvallar, þegar unglingar eiga í hlut. Reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna þá nema kr. 3.447.814,- eða um 19,6% hærri fjárhæð en að ofan greinir.

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna vegna slyssins frá Tryggingastofnun ríkisins né öðrum aðilum.

Reiknað er með 13% ársvöxtum og töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1951—1960.“

Lögmaður stefnanda ritaði tryggingafræðingnum bréf 21. júní 1979 og kvaðst að gefnu tilefni frá andstæðingi sínum vilja beiðast skýringa á því, að hagsmunir áfrýjanda „eru lagðir til jafns við unglinga“ í útreikningunum. Einnig

spurðist hann fyrir um, hvort miðað væri við 13% ársvexti allan þann tíma, sem máli skipti.

Fyrir héraðsdóm voru lagðir nýir útreikningar Guðjóns Hansen frá 27. júní 1979. Þykir eigi ástæða til að taka hér upp annað úr þessu skjali en eftirfarandi:

„Um áðurnefnd atriði, sem spurst er fyrir um í bréfi yðar, skal eftirfarandi tekið fram:

a. Við tjónsútreikning er reiknað með 13% ársvöxtum frá slysdegi og áfram til frambúðar.

b. Tekjuáætlun sú, sem aðallega er lögð til grundvallar tjónsútreikningi, styðst við launatekjur Bjarna 1974 og 1975, umreiknaðar með tilliti til breytinga á kaupþöxtum verkamanna. Ég taldi aðferð þessa geta orkað nokkurs tvímælis að tvennu leyti. Hef ég því í fyrsta lagi reiknað, hver áhrif önnur umreikningsaðferð hefði á niðurstöðu, og í öðru lagi hef ég reiknað, hver niðurstaða yrði, ef miðað væri við algengar vinnutekjur verkamanna og í því efni stuðst við úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík undanfarin ár. Eins og fram kemur í útreikningnum frá 5/1 1979, er þetta gert vegna óvissu um vinnuframlag Bjarna til atvinnurekstrar þess, sem hann tók þátt í. Algengast er, að grípa þurfi til slíkra launþegatekna, þegar unglingar eiga í hlut, og ógerlegt er að styðjast við tekjur hlutaðeigandi árin fyrir slys, en ástæða getur einnig verið til slíkrar viðmiðunar í öðrum tilvikum, t. d., þegar hreinar tekjur af atvinnurekstri virðast ekki vera nothæfar sem mælikvarði á vinnutekjur atvinnurekanda, sem orðið hefur fyrir slysi. Stundum er óskað eftir útreikningi miðuðum við slíkan grundvöll til samanburðar við aðra viðmiðun.“

Í þeim útreikningum Guðjóns Hansen, sem lagðir voru fyrir Hæstarétt og gerðir voru 21. desember 1981, segir m. a.:

„Við endurútreikninginn hef ég tekið tillit til breytinga, sem orðið hafa á kaupþöxtum, síðan fyrri útreikningar voru gerðir. Með því móti reiknast mér meðallaunatekjur Bjarna 1974 og 1975 verða sem hér segir:

Árið 1976, frá slysdegi	kr. 13.627,-
— 1977	— 17.547,-
— 1978	— 27.310,-
— 1979	— 39.043,-
— 1980	— 59.060,-
— 1981	— 88.535,-
Eftir þann tíma	— 108.893,-

Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap vinnutekna í samræmi við örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 7 mánuði kr. 6.426,-
 Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma . . . — 57.977,-

Samtals kr. 64.403,-

Ef tekjur Bjarna 1974 og 1975 eru umreiknaðar með tilliti til breytinga á fiskverði til sjómanna í stað breytinga á kauptöxtum verkamanna, reiknast mér heildarverðmæti tapaðra launatekna nema kr. 49.047,-. Sá mikli munur, sem hér kemur fram, á að verulegu leyti rót sína að rekja til almennra launahækkana 1. nóvember og 1. desember 1981, en eftir er að ákveða fiskverð það, sem gilda á frá 1. janúar 1982. Ef á hinn bóginn meðalvinnutekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík eru lagðar til grundvallar tekjuáætlun, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna nema kr. 79.784,-.

Um forsendur þær, sem liggja til grundvallar útreikningi þessum, skírskotast til fyrri útreikninga svo og til þess, er að framan greinir.“

Pegar framangreint er virt, þykja bætur til áfrýjanda hæfilega metnar 37.000.00 krónur, eftir að tillit hefur verið tekið til greiðslna, sem áfrýjandi fékk vegna slyssins. Miskabætur til hans þykja hæfilega metnar í hinum áfrýjanda dómi, 3.500.00 krónur.

Í áfrýjunarstefnu gerði áfrýjandi sömu vaxtakröfu og fyrir héraðsdómi. Verða dómvextir því eigi dæmdir frá fyrri tíma en 1. júní 1980. Samkvæmt þessu verða ársvextir af hinni dæmdu fjárhæð þessir: 13% frá 9. september 1976 til

21. nóvember 1977, 16% frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% frá þeim degi til 1. júní 1980 og síðan dómvextir: 46% til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní 1981 og 39% frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan hæstu innlánsvextir til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 15.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Útgerðarfélag Ólafsfjarðar h/f, greiði áfrýjanda, Bjarna Gunnari Björnssyni, 40.500.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 9. september 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma. Þá greiði stefndi áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 15.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Ólafsfjarðar 3. september 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. ágúst sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af stefnanda, Bjarna Gunnari Björnssyni, á hendur stefnda, Útgerðarfélagi Ólafsfjarðar h/f, Ólafsfirði, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 10.000.000 með 13% ársvöxtum frá 9. september 1976 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978 og síðan 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979 og síðan 22% ársvöxt-

um frá 1. júní 1979 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og framlögðum reikningum.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður felldur niður.

Málavextir eru þeir, að hinn 9. september 1976 slasaðist stefnandi við vinnu sína um borð í togaranum Ólafi bekk.

Hafði hann unnið við löndun á afla togarans, og var henni nýlokið. Vann stefnandi ásamt fleiri verkamönnum við að ganga frá toghlera í festingar í bakborðssíðu togarans.

Var toghlerinn hífður til á skipsgilsinum. Þurfti að ýta toghleranum út í síðuna, en er slakað var, rakst toghlerinn niður á þilfarið og kastaðist fram eftir þilfarinu og lenti á vinstri ökla stefnanda, en kallað hafði verið að slaka, og slakaði gilsarinn þá með fyrrgreindum afleiðingum. Klemmdist stefnandi þannig, að vinstri fótur varð milli toghlerans og bobbings.

Brotnaði „fibulae“ ca 10 cm frá „malleolus lateralis,“ og „talis“ var „luxeraður lateralt“.

Stefnandi telur, að stefndi, sem er eigandi togarans, beri fébótaábyrgð á slysinu samkvæmt reglunni um ábyrgð húsbónda á skaðaverkum starfsmanna sinna og/eða aðgerðarleysi þeirra vegna ófullnægjandi vinnuaðstöðu, tæknilega og með tilliti til hinna vinnandi manna. En mistök við verkstjórn eða skortur á verkstjórn sé orsök slyssins.

Afleiðingar slyssins eru taldar þær, að stefnandi hafi hlotið örorku sem hér segir:

Frá slysdegi talið í 4 mánuði	100%
Eftir það í 3 mánuði	50%
Varanlega	10%

Örorkutjónið hefur verið reiknað út af tryggingafræðingi miðað við skattframtöl stefnanda 1975 og 1976, og nemur það eftirfarandi:

Tímabundið	kr. 642.574
Varanlega	— 2.239.472

Alls kr. 2.882.061

Þá kveður stefnandi stefnukröfuna fela í sér bætur fyrir miska, sársauka, lýti og óþægindi, sem stefnandi metur á kr. 1.500.000. Stefnukrafan sé hins vegar höfð mun hærri en framangreindar tölur samtals með tilliti til hinna öru verðbreytinga og þess tíma, sem málarekstur kann að vara, enda hyggist stefnandi koma með endurskoðaða örorkutjónsútreikninga. Voru þeir síðan lagð-

ir fram, sbr. dskj. nr. 17, þar sem verðmæti tapaðra launatekna á slysdegi er talið nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 7 mánuði kr. 642.574
 Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma — 2.653.391

Samtals kr. 3.295.965

eru þá umreiknaðar meðallaunatekjur stefnanda 1974 og 1975, sbr. dskj. nr. 17.

Séu hins vegar meðalvinnutekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík lagðar til grundvallar tekjuáætlun og tillit tekið til kaupbreytinga, sbr. dskj. nr. 17, þá reiknast verðmæti tapaðra vinnutekna kr. 3.944.319, eða um 19.7% hærrí fjárhæð en að framan greinir.

Samkvæmt áverkavottorði á dskj. nr. 6 segir við skoðun á áverkum stefnanda um ári eftir slysið, eða 10. september 1977: „Við skoðun þá er hann ánægður með ástand sitt. Segir, að öklinn sé orðinn góður. Hann er algerlega eymslalaus.

Kvartar samt um, að hann geti ekki beygt vinstri ökla eins mikið eins og hægri. Skoðun: Vinstri ökli vel útlítandi, operationsör. Hreyfingar í öklanum góðar. Ca 5° vantar upp á dorsal flexio á vinstri fæti, borið saman við hægri.“

Í ályktun í örorkumati á dskj. nr. 7 segir: „Alveg óvinnufær var slasaði talinn hafa verið frá 9. 9. '76 til 1. 1. '77, og hlaut hann slysadagpeningagreiðslur frá slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þetta tímabil.

Eftir það mun starfsgeta slasaða hafa verið töluvert skert í 3 mánuði, og varanlega er hér um nokkra örorku að ræða.

Helstu kvartanir slasaða eru þær, að hann þreytist um vinstri öklalið, ef hann gengur mikið eða stendur lengi í fótinn. Þá segist slasaði fá óþægindi, jafnvel verki í vinstri öklalið eftir mikla áreynslu, og einnig kvartar hann um, að óþægilegt sé að ganga niður stiga. Slasaði gengur alveg óhaltur á sléttu gólfi. Hreyfingar allar í vinstri öklalið eru eðlilegar, nema hvað dorsi flexio er etv. lítilsháttar skert. Reflexar eru jafnir og eðlilegir á báðum ganglimum. Ekki er merkjanleg fyrirferðaraukning um vinstri öklalið.

Ekki verður fyrir það synjað, að nokkur hætta kann síðar meir að verða á slitbreytingum í vinstri öklalið umfram það, sem búast má við hjá heilbrigðum manni. Slyss þetta veldur þannig trúlega síðar meir örorku vegna nefndra hugsanlegra slitbreytinga. Ekki verður þó fullyrt nú, í hve miklum mæli þær

slitbreytingar kunna að verða eða hvenær þær kunna að koma fram.

Þar sem ekki þykir nú líklegt, að um frekari bata á afleiðingum áðurnefnds slyss verði hér eftir að ræða, þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slyssdegi talið í 4 mánuði	100%
Eftir það í 3 mánuði	50%
Varanlega	10%“.

Þann 17. mars 1978 var tekin lögregluskýrsla af stefnanda vegna slyssins. Kvað hann löndun úr togaranum hafa verið lokið, en honum ásamt fleiri mönnum verið falið að ganga frá tog- hlera í festingar á bakborðssíðu skipsins. Var hlerinn hífður á skipsgilsinum, þar sem ekki var um annað að ræða.

Þurftu þeir að ýta hleranum út í síðuna, en hlerinn rakst þá niður að aftan með þeim afleiðingum, að hann hentist fram eftir skipinu og lenti á vinstri ökla stefnanda. Sagðist stefnandi hafa brotnað og hafi liðbönd slitnað. Stefnandi kveður skýrslu ekki hafa verið gerða og sé hún nú gefin, þar sem hann kveðst engan veginn vera búinn að ná sér eftir slysið.

Stefnandi gaf síðan skýrslu fyrir dómi 20. júní 1979.

Taldi hann þá, að þeir hefðu verið 3 eða 4, sem ýttu hleranum, sem hafi verið hífður af gilsinum, og er honum var slakað, þá hafi hlerinn tekið að dansa til og komið niður á afturenda og kastast fram eftir skipinu, en stefnandi, sem hafi verið við fram- enda hlerans, orðið undir honum með vinstri fótinn. Taldi stefnandi, að Kristinn Gylfason hefði stjórnað spilinu, en var þó ekki alveg viss. Kvað hann Hörð Sigurðsson hafa verið verkstjóra þarna. Kvaðst hann ekki muna, hverjir voru þarna með honum að ýta á hlerann, en hlerinn væri 1200 kg og að fest hafi verið í hann í krók fyrir miðju.

Kvað stefnandi hliðarvindu bakborðsmegin hafa verið notaða í greint sinn, en venjulega hafi verið notaðir kranar í landi, áður en krani var settur í skipið stjórnborðsmegin, en hann hafi ekki haft kraft til að flytja hlerann í greint sinn.

Stefnandi kveðst ekki muna til þess, að beðið hafi verið um að slaka né hvort hlerinn var kominn yfir festingar þær, sem hann átti að fara í, er hann fór niður. Þá kvað hann blokkina, sem gilsinn var í, vera frekar bakborðsmegin í skipinu og taldi

frekar hæpið, að þeir hefðu getað haldið hleranum kyrrum yfir festingunum, sem hann átti að fara í.

Stefnandi kvað sér ekki vera kunnugt um, að þetta spil hefði verið notað áður við slíkan hleraflutning. Hann telur, að síðan séu varahlerar geymdir stjórnborðsmegin í skipinu.

Þann 18. mars 1978 gaf skýrslu hjá lögreglu Björn Steinn Sveinsson. Kvaðst hann hafa verið ásamt stefnanda og fleirum í greint sinn að vinna um borð í Ólafi bekk við að koma öðrum toghlera skipsins í festingar á bakborðssíðu skipsins.

Segir hann, að gils og krani skipsins, sem er stjórnborðsmegin, hafi verið notaður við verkið. Er þeir hafi verið í þann veginn að koma hleranum í festingar sínar, hafi verið kallað „slaka“, en þá hafi hlerinn kastast til baka með þeim afleiðingum, að hann hafi lent á vinstri fæti stefnanda, sem klemmdist á milli hlerans og bobbinga, sem voru á þilfarinu.

Fyrir dómi 20. júní 1979 kvað þetta sama vitni, að ekki hefði verið slakað nógu fljótt og hafi þá hlerinn skollíð á þeim. Vitnið kvað Kristin Gylfason hafa stjórnað krananum, en Hörð Sigurðsson á gilsinum. Vitnið taldi, að sá, sem var á gilsspilinu, hafi ekki séð til að slaka á festingarnar.

Vitnið kvað hafa verið gefið merki um að slaka og hafi þurft að vera samtaka um það, en hífumenn ekki verið nógu samtaka í slökun. Vitnið kvað hlerana hafa verið geymda síðan stjórnborðsmegin, en áður hafi þeir verið færðir með þessu móti. Vitnið kvað einhvern þeirra þriggja, sem ýttu á hlerann, hafa hrópað um að slaka, en þriðji maðurinn hafi sennilega verið Kolbeinn Ágústsson. Vitnið kvað þá hafa gert áður nokkrar tilraunir til að sveifla hleranum yfir að festingunum bakborðsmegin.

Þann 18. mars 1978 gaf Hörður Sigurðsson skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst hann stefnanda í greint sinn hafa ásamt fleiri mönnum verið að koma toghlera skipsins í festingar bakborðsmegin og hafi verkið verið unnið með gils og krana skipsins, sem var stjórnborðsmegin í skipinu. Segir hann, að er þeir voru að ýta hleranum að festingunum, hafi hlerinn kastast til baka, þannig að hann lenti á stefnanda, og klemmdist fótur hans á milli hlerans og bobbinga.

Fyrir dómi 20. júní 1979 kvaðst þetta sama vitni hafa verið statt aftur við spil og verið þarna verkstjóri.

Vitnið kvaðst sjálfst hafa verið á koppinum sem kallað er.

Vitnið sagði, að er slakað var, hafi hlerinn komið til baka á

þá, sem voru að ýta honum. Vitnið kvað hafa verið fest úr bæði krana og spili í hlerann, er honum var slakað, en man ekki, hvort slaki hafi komið á. Vitnið kvað hlerana eftirleiðis hafa verið geymda stjórnborðsmegin, utan eitt eða tvö skipti, og hafi þessi sömu tæki verið notuð við fyrri flutninga á hlerunum. Vitnið kvað hlerann hafa lent á röngum stað og því komið til baka.

Vitnið Kristinn Sigurður Gylfason kvaðst hafa í greint sinn verið að ýta hlera í festingar bakborðsmegin um borð í Ólafi bekk ásamt 3 eða 4 öðrum mönnum. Hafi Hörður Sigurðsson verið á spilinu. Vitnið mundi ekki til þess, að krani stjórnborðsmegin hefði verið notaður. Vitnið kvað þá hafa beðið um slökun, en er það var gert, hafi hlerinn skolið niður og á stefnanda.

Vitnið Helgi Þórðarson kvaðst hafa verið aftur við spilið, sem hlerinn var hífður á í greint sinn. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort löndunarkrani stjórnborðsmegin var notaður líka, en kveðst ráma í, að vírinn hafi hrokkið af spilkoppnum og því komið óeðlilegur slaki á og hlerinn því kastast inn að miðju.

Vitnið Kolbeinn Ágústsson kvaðst hafa verið að ýta hleranum ásamt stefnanda og fleirum. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort kraninn stjórnborðsmegin var notaður í greint sinn með gilsinum. Vitnið kvað hafa komið óvænt slaka á spilið, þannig að þeir misstu vald á hleranum og stefnandi varð fyrir honum, en vitninu tókst að skjóta sér undan.

Stefnandi telur stefnda bera bótaábyrgð vegna slyssins, eins og áður er sagt, og bendir jafnframt á, að stefndi hlutaðist ekki til um rannsókn á slysinu og orsökum þess og kvaddi ekki til öryggiseftirlitsmann. Það hafi ekki verið fyrr en hinn 17. mars 1978 fyrir tilstilli stefnanda, að lögreglurannsókn hófst. Af því verði stefndi að bera halla, ef um skort á sönnunum verði að ræða. Þá er af hálfu stefnanda bent á, að 23. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum eigi hér við, en mistök hafi orðið við slökun hlerans, er vírinn slapp af spilkoppnum.

Af hálfu stefnda er það viðurkennt, að hann beri einhverja ábyrgð á slysi því, sem stefnandi varð fyrir um borð í b/v Ólafi bekk hinn 9. september 1976. Hann telur hins vegar, að framkomnar bótakröfur stefnanda séu ekki í nokkru samræmi við slysið, sem hann varð fyrir. Á áverkavottorði á dskj. nr. 6 sé ljóst, að brotið hófst vel við, og allt var með eðlilegum hætti. Stefnandi útskrifaðist af sjúkrahúsi 16. október 1976. Hann kom á göngudeild til eftirlits hinn 5. nóvember 1976 og gekk þá með fullri þyngd án óþæginda, sbr. dskj. nr. 6. Hann gekk þá með

hækjur, sem honum var ráðlagt að sleppa. Hinn 9. nóvember 1976 var hann klínískt gróinn og hafði engin óþægindi. Brotin litu vel út skv. röntgenmynd.

Hinn 10. september 1977 kom hann á FSA til þess að fá fjarlægðan járnpinna og járnþráð, sem notaður hafði verið við aðgerðina. Við þá skoðun var hann ánægður með ástand sitt. Sagði, að öklinn væri orðinn góður, og hann var algerlega eymslalaus. Þó taldi hann sig ekki geta beygt vinstri ökla eins mikið og hægri. Við skoðun kom í ljós, að hreyfingar í öklanum voru góðar.

Ljóst sé skv. áverkavottorðinu á dskj. nr. 6, að stefnanda hætti til að gera of mikið úr meiðslum sínum. Hann komi á FSA með hækjur, sem engin ástæða var til að nota og töfðu fremur fyrir bata en hitt, enda ráðlagt að leggja þær frá sér þegar í stað, og hann taldi sig ekki geta beygt vinstri ökla eins mikið og hægri, sem stóðst ekki við athugun. Önnur læknisvottorð liggja ekki fyrir um stefnanda.

Að vísu segi í örorkumati á dskj. nr. 7, að slasaði hafi komið til viðtals og skoðunar hjá tryggingayfirlækni 29. nóvember 1978 og þar segi, að hann kvarti um þreytu um vinstri öklalið, einkum ef hann stendur lengi eða gengur mikið.

Stundum eru þar verkir. Síðar segir á dskj. nr. 7:

„Hreyfingar allar í vinstri öklalið eru eðlilegar, nema hvað dorsi flexio er e. t. v. lítilsháttar skert. Refl. eru jafnir og eðlilegir á báðum ganglimum. Ekki er merkjanleg fyrirferðaraukning um vinstri ökla.“

Með vísun til þessa, sem fram kemur í vottorði á dskj. nr. 7 um eigin skoðun læknisins, virðist allt of mikið tekið til til kvartana stefnanda, sem ekki hafi við rök að styðjast og örorkumatið allt of hátt og ekki í samræmi t. d. við áverkavottorðið.

Ekki sé annað komið fram en stefnandi stundi alla sína vinnu frá áramótum 1976/1977, að minnsta kosti eins og ekkert hafi í skorist, og líðan hans hafi verið ágæt.

Kvartanir hans um stirðleika í ökla og þreytu fáir varla staðist, ef t. d. er haft í huga, að hann stundar skíðaþróttir, en alkunnugt er, að staða á skíðum hefur mikla þreytu eða áreynslu á ökla í för með sér.

Vegna alls þessa er af hálfu stefnda talið rétt, að stefnandi fari í nýja læknisskoðun og e. t. v. myndatöku á FSA og síðan

verði örorkumat endurskoðað með tilliti til þess, sem þá kemur fram. Þá ætti t. d. að koma fram eitthvað um slitbreytingar.

Þá er því mótmælt af hálfu stefnda, að tapaðar vinnutekjur ættu að hækka, sbr. hugleiðingar þar um á dskj. nr. 8, bls. 2.

Stefndi mótmælir mötunum á dskj. nr. 7 og 8 sem röngum og því haldið fram, að ekki sé rétt að byggja bótakröfu stefnanda á þeim.

Þá er þess krafist af hálfu stefnda, að bótafjárhæð sé lækkuð vegna hækkunar vaxta og skattfrelsis bótafjár.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi eigi sök á tjóninu, þar sem þeir, sem ýttu hleranum, hafi beðið um slaka. Þá mótmælir stefndi því, að lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum eigi hér við.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að handvömm og mistök við slökun hlerans séu orsök tjóns hans, hvort sem beðið var um að slaka eða ekki, og hér sé því um hreint vinnuslys að ræða og því eigi lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum við. Því er algerlega mótmælt, að eigin sök stefnanda hafi valdið tjóninu.

Þá er því mótmælt, að hækkaðir vextir hafi áhrif til lækkunar bótafjárhæðar og að lækkun krafna vegna skattfrelsis fari yfir 20%. Þá er þess krafist af hálfu stefnanda, að örorkumat verði lagt algerlega til grundvallar bótum. Samþykkt er af hálfu stefnanda, að greidd laun eftir slysið, kr. 79.207, sbr. dskj. nr. 15, og greiddar slysabætur, kr. 220.566, komi til frádráttar dæmdri bótafjárhæð.

Af því, sem rakið hefur verið, er ljóst, að stefnandi verður fyrir slysi um borð í b/v Ólafi bekk þann 9. september 1976, en skipið er í eigu stefnda, og vann stefnandi þar sem verkamaður við losun skipsins. Af hálfu stefnda er það viðurkennt, að hann muni bera einhverja ábyrgð á slysinu.

Af vitnaframburðum má ráða, að þeir, sem ýttu hleranum, báðu um slaka, og var þá slakað. Verður að ætla, að slaka þurfi að fullu við þessar aðstæður, þannig að þungi hlerans hvíli að sem minnstu leyti á mönnunum, sem ýttu hleranum.

Þar sem slíkur flutningur á toghlera hlýtur að vera mjög hættulegur þeim, sem á hlerann ýta, verður að ætla, að þeir sýni sérstaka varúð, því að ef slökun hlerans heppnast ekki, hlýtur hlerinn að leita til baka. Verður því eftir atvikum að fallast á þá málsástæðu stefnda, að um einhverja sök sé að ræða hjá stefnanda. Þykir eftir atvikum rétt að meta hana 25%.

vöxtum frá 9. september 1976 til 20. nóvember 1977, 16% árs-
vöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, síðan 19% ársvöxt-
um frá þeim degi til 1. júní 1979 og 22% ársvöxtum frá þeim
degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 300.000
í málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp Barði Þórhallsson bæjarfógeti ásamt
meðdómsmönnum Gísla M. Gíslasyni og Jóni Sigurpálssyni
skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Útgerðarfélag Ólafsfjarðar h/f, greiði stefnanda,
Bjarna Gunnari Björnssyni, skaðabætur, kr. 1.351.698 með
13% ársvöxtum frá 9. september 1976 til 20. nóvember 1977,
16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, síðan
19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979 og 22% árs-
vöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 300.000 í máls-
kostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að
viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 26. janúar 1982.

Nr. 115/1979. **Jón V. Jónsson s/f**
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)
gegn
Sævari Hermanníussyni
og gagnsök
(Jón Hjaltason hrl.).

Vinnusamningur. Skuldamál. Áfrýjun.
Fjárnámsgerð vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson,
Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með